

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *11. fundur.*

að Hlíðavegi 6, 14. desember 2006, kl. 14:00.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Endurskoðandi Arnar Árnason mætir til fundarins.
3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006.
4. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 27. nóv. þar sem óskað er eftir heimild til að girða úr enda Garðsgirðingar á merkjum við Grænavatn, um Þrengslaborgir í Stóra-hnjúk.
5. Erindi frá Vegagerðinni, ósk um framkvæmdaleyfi v/Dettifossvegar.
6. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 13. desember.
7. Erindi frá Ferðamálafélagi Mývatnssveitar.
8. Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 5, 6, 7 og 8 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

### 2. Endurskoðandi Arnar Árnason mætir til fundarins.

Arnar Árnason endurskoðandi hjá KPMG forfallaðist, en í hans stað mætti Jón Ari Stefánsson. Fór hann yfir forsendur fyrir fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, nýjum sveitarstjórnarmönnum til upplýsinga. Einnig svaraði hann greiðlega þeim spurningum sem til hans var beint.

### 3. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006.

Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2006

Tekjur			
00-06	Fasteignaskattur	1.000.000	hækkun
00-30	Aðrir skattar og gj	4.000.000	hækkun
		5.000.000	
Gjöld			
02.	Félagsþjónusta	4.000.000	hækkun
04.	Fræðslumál	2.000.000	hækkun
05.	Menningarmál	400.000	hækkun
06.	Íþrótt- og æskulýðsmál	1.100.000	hækkun
07.	Brunamál og almannavarnir	100.000	hækkun
08.	Hreinlætismál	700.000	hækkun
09.	Skipulags og byggmál	-	
10.	Umferðar og samgöngumál	- 1.200.000	lækkun
11.	Umhverfismál	1.000.000	hækkun
13.	Atvinnumál	2.500.000	hækkun
21.	Sameiginlegur kostn	- 1.700.000	lækkun
		8.900.000	
41.	Veitur	4.000.000	hækkun
57.	leiguíbúðir	-	
		4.000.000	-

Gert er ráð fyrir að tekjur hækki um 9 milljónir umfram það sem ráð var fyrir gert og skýrist það einkum af auknum greiðslum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Hækkun gjalda helst í hendur við hækkun tekna og aukast um 8,9 milljónir.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Erindi frá Landgræðslu ríkisins dags. 27. nóv. þar sem óskað er eftir heimild til að girða úr enda Garðsgirðingar á merkjum við Grænavatn, um Þrengslaborgir í Stóra-hnjúk.

Borist hefur bréf frá Landgræðslu ríkisins þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar til að setja upp girðingu úr enda Garðsgirðingar á merkjum við Grænavatn, um Þrengslaborgir í Stóra-Hnjúk. Í landbótaáætlun fyrir Grænavatnsjarðir er gert ráð fyrir girðingu um Grænavatnsbruna í

Sellendafjall. Með þeirri girðingu er stefnt að friðun á landi sunnan girðingar milli Garðs og Grænavatns og austan þessarar girðingar. Þessar aðgerðir eiga að gera það mögulegt að stöðva með uppgræðslu þann foksans, sem berst stöðugt inn á svæðið og á endanum inn í Dimmuborgir.

Sveitarstjórn samþykkir að beina erindinu til Landbúnaðarnefndar.

#### **5. Erindi frá Vegagerðinni, ósk um framkvæmdaleyfi v/Dettifossvegur.**

Borist hefur bréf frá Vegagerð ríkisins dags. 13. desember þar sem óskað er eftir framkvæmdaleyfi fyrir 1. áfanga Dettifossvegur. Í bréfinu kemur fram að til standi að hefja byggingu 1. áfanga á nýjum Dettifossvegi norður með Jökulsá á Fjöllum, frá Hringvegi norður að nýjum afleggjara að Dettifossi. Auk þess á að endurbyggja bílastæði við Dettifoss, leggja 2,8 km. langan veg að bílaplaninu og gera áningarstað. Framkvæmdakaflinn er samtals 24 km. langur og áætluð efnisþörf er 550 þús m<sup>3</sup> og verður efnið tekið úr skeringum og námum eins og lýst er í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum. Vegagerðin sækir því hér með um leyfi fyrir framkvæmdum við veglínu B, þeim hluta sem liggur innan Skútustaðahrepps.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umbeðið leyfi fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að leita meðmæla Skipulagsstofnunar fyrir framkvæmdinni.

#### **6. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 13. desember.**

Í fyrsta lið fundargerðarinnar óskar nefndin eftir fundi með sveitarstjóra og oddvita til að fara yfir verksvið nefndarinnar, vald og umboð. Í öðrum lið fundargerðarinnar er athygli sveitarstjórnar vakin á því að starfssamningur upplýsingafulltrúa í Gestastofu rennur út um áramót. Að mati nefndarinnar sé ekki ástæða til að halda nefndu starfi í uppnámi, starfið sé nauðsynlegt og hafi gengið vel fyrir sig. Jafnframt segir að sveitarstjórn hafi greitt fyrir þetta starf sem sé nánast eini stuðningur sveitarfélagsins við burðarásatvinnugrein í sveitarfélaginu sem sé þjónusta við ferðamenn. Við opnum Gestastofu sl. vor var gengið frá tímabundnum samningi um nefnt starf og var þá ráð fyrir gert að samningstíminn yðri notaður til að finna framtíðarfyrirkomulag á starfinu en því ekki verið sinnt. Nefndin lýsir miklum vonbrigðum með að komið skuli að eindaga samningsins á þess að framtíðarlausn liggi fyrir og telur brýnt að sveitarstjórn framlengi nefndan ráðningarsamning um þrjá mánuði og noti tímenn til að ganga frá framtíðarfyrirkomulagi á rekstri starfseminnar. Jafnframt lýsir nefndi sig reiðubúna að koma að því starfi með viðræðum við samstarfsaðila að Gestastofunni. Í þriðja lið fundargerðarinnar beinir nefndin því til sveitarstjórnar að ganga nú þegar til samninga við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi um áframhaldandi framlög til reksturs skrifstofunnar. Með því sé markaðssetningu Mývatnssveitar á alþjóðavettvangi best borgið. Atvinnumálanefnd er hér með boðið til fundar með oddvita og sveitarstjóra fimmtudaginn 21. desember kl. 11:00. Varðandi lið tvö er því til að svara að beinn stuðningur sveitarfélagsins við ferðaþjónustuna er m.a. rekstur Upplýsingamiðstöðvar, Snow Magic verkefnið, Markaðsskrifstofa ferðamála á Norðurlandi ásamt ýmsum stuðningi með óbeinum hætti. Kostnaður sveitarfélagsins er hátt á fimmtu milljón króna fyrir árið 2006. Auðvitað má alltaf gera betur en það verður að sníða sér stakk eftir vexti. Sveitarstjórn getur því ekki tekið undir að ekki sé stutt við atvinnugreinina. Það lá ljóst fyrir

Í vor þegar sveitarstjórn samþykkti að greiða fyrir rekstur Upplýsingamiðstöðvar til loka ársins 2006 að nýta ætti tímann til að finna framtíðarlausn á starfsseminni. Hins vegar leit sveitarstjórn ekki svo á að það væri hennar eingöngu að tryggja áframhaldandi rekstur, heldur yrðu fleiri að koma að því verkefni t.d. ferðaþjónustuaðilar. Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til að greiða fyrir starfsmann Upplýsingamiðstöðvar til mánaðarmóta mars/apríl '07 ef það verður til þess að málið fái farsæla lausn, en hvetur jafnframt til þess að tíminn verði vel nýttur fram að því svo að starfsemin verði tryggð til framtíðar. Sveitarstjórn beinir því til Atvinnumálanefndar/Ferðamálafélags Mývatnssveitar að hafa forgöngu í málinu og er tilbúin að koma að því verkefni. Varðandi lið þrjú er því til að svara samningur um áframhaldandi stuðning við Markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi hefur ekki borist sveitarstjóra. Sveitarstjórn er tilbúin að styðja skrifstofuna áfram en ætlast til að nýr samningur berist áður en lengra er haldið.

#### **7. Erindi frá Ferðamálafélagi Mývatnssveitar.**

Borist hefur bréf frá stjórn Ferðamálafélags Mývatnssveitar dags. 13. desember þar sem stjórnin lýsir áhyggjum sínum af þeirri óvissu sem ríkir um framtíð Upplýsingamiðstöðvar ferðamála í Mývatnssveit. Hvetur stjórnin sveitarstjórn Skútustaðahrepps til að sýna þá framsýni að halda rekstri starfsmanns í Upplýsingamiðstöð áfram a.m.k. eitt ár til viðbótar og vinna á meðan í samstarfi við ferðaþjónustuna að framtíðarskipan þessara mála. Sveitarstjórn vísar í bókun sína undir lið 6, sem svar við þessu erindi.

#### **8. Fundargerð Samvinnunefndar um svæðisskipulag háhitasvæða í Þingeyjarsýslum.**

Föstudaginn 8. desember kom samvinnunefnd sveitarfélaganna Aðaldælahrepps, Norðurþings, Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps saman til fyrsta fundar ásamt fulltrúa Skipulagsstofnunar. Á fundinum var samþykkt að leggja það til við viðkomandi sveitarstjórnir að kostnaði sveitarfélaganna við vinnu svæðisskipulagsins verði skipt jafnt á milli sveitarfélaganna og jafnframt að hvert sveitarfélag um sig kosti sína fulltrúa á fundi nefndarinnar. Sveitarstjórn samþykkir tillöguna.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.